



Borgarráð

Reykjavík, 20. ágúst 2024
MSS24080062

Tillaga um heildarúttekt á hönnun, framkvæmdum og eftirliti á leikskólanum Brákarborg

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar að ráðast í heildarúttekt á ferlinu í kringum byggingu leikskólans Brákarborgar í ljósi mögulegra hönnunar- og eða framkvæmdagalla. Í því felst heildarúttekt á hönnun, framkvæmdum og eftirliti við framkvæmdir leikskólans. Einnig er óskað eftir því að Innri endurskoðun og ráðgjöf geri tillögur að umbótum í tengslum við ferlið.

Greinargerð:

Leikskólinn Brákarborg opnaði á nýjum stað 2022 í endurgerðu húsnæði.

Umhverfis- og skipulagssvið ákvað að fara í ítarlega skoðun á burðarvirki Brákarborgar í kjölfar ábendingar starfsfólks. Í ljós kom að reiknað álag frá ásteypulagi og torfi á þakinu væri meira en tilgreint var á teikningum. Því sé ljóst að mistök voru gerð í hönnun og/eða framkvæmd við Brákarborg. Reykjavíkurborg hefur þegar sent öllum verktökum og ráðgjöfum sem komu að verkinu formlegt bréf þar sem tilkynnt er um mögulega hönnunar- og eða framkvæmdagalla og að skoðað verði hvar ábyrgðin liggir.

Í ljósi þessa er lagt er til að borgarráð samþykki að fela Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar að ráðast í heildarúttekt á ferlinu í kringum byggingu leikskólans Brákarborgar þegar kemur að hönnun, framkvæmdum og eftirliti leikskólans.

Einar Þorsteinsson,
borgarstjóri



Reykjavík